

Nefnda- og greiningasvið Alþingis
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Sent á umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 30. apríl 2025

Umsögn Samtaka iðnaðarins um skýrslu Ríkisendurskoðunar um innkaup ríkisaðila á upplýsingatækni, Skýrsla til Alþingis mars 2025.

Samtök iðnaðarins og Samtök upplýsingatæknifyrirtækja starfsgreinahópur innan SI (hér eftir „SI“ og „SUT“ eða „samtökin“ eftir atvikum) hafa tekið til umsagnar skýrslu Ríkisendurskoðunar um innkaup ríkisaðila á upplýsingatækni, Skýrsla til Alþingis mars 2025 (hér eftir „skýrsla Ríkisendurskoðunar“).

Samtökin gerðu athugasemdir við frumvarp til laga um skipan upplýsingatækni í rekstri ríkisins, sbr. mál nr. 141¹ og hafa áður komið á framfæri athugasemdum vegna málsins, sbr. mál nr. 148/2023 og 52/2024, og vísa til og ítreka athugasemdir í umsögnum samtakanna dags. 30. ágúst 2023², 6. mars 2024³ og 7. ágúst 2024⁴.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar dregur fram mikilvægar áskoranir í opinberum innkaupum á þessu sviði. Helstu niðurstöður skýrslunnar benda til þess að skortur sé á samræmdri stefnu og yfirsýn yfir upplýsingatæknimál ríkisins, fjárfestingar í upplýsingatækni séu oft dreifðar og án nægilegs samráðs milli stofnana og þá séu tækifæri til hagræðingar og samnýtingar ekki fullnýtt. Þetta er í samræmi við athugasemdir samtakanna í umsögn þeirra frá 7. apríl. sl. við frumvarp til laga um skipan upplýsingatækni ríkisins. Samtökin

¹ <https://www.si.is/media/eplica-uppsetning/Umsogn-SI-og-SUT-um-frumvarp-til-laga-um-skipan-upplysingataekni-i-rekstri-rikisins-141.-mal-07-04-2025.pdf>

² https://www.si.is/media/eplica-uppsetning/SI_SUT_Umsogn_Aform-um-frumvarp-til-laga-um-hogun-i-upplysingataekni-i-rekstri-rikisins_300823.pdf

³ https://www.si.is/media/eplica-uppsetning/Hogun-upplysingataekni-i-rekstri-rikisins_mal-nr.S52_Umsogn-SI_7.-mars-2024.pdf

⁴ <https://www.si.is/media/eplica-uppsetning/Umsogn-SI-og-Samtaka-upplysingataeknifyrirtaekja-um-drog-ad-frumvarpi-til-laga-um-skipan-upplysingataekni-i-rekstri-rikisins-mal-nr.-S-142-dags.-7.-agust-2024.pdf>

leggja áherslu á að ábyrgð ríkisins sem stefnumótandi aðili sé skýr og að framkvæmd verkefna verði áfram í höndum einkaaðila þegar við á. Mikilvægt er að hlutverk miðlægra eininga, svo sem Stafræns Íslands, séi afmarkað sem stoð og samhæfing en ekki framkvæmd. Þá kölluðu samtökin eftir nánari skilgreiningu á heimildum ráðherra til að skylda ríkisaðila til notkunar sameiginlegra innviða án gagnsæis og samráðs. Samtökin telja að slíkar heimildir gætu dregið úr hvatningu til nýsköpunar og torveldað aðgengi nýrra hugbúnaðarfyrirtækja að verkefnum. Þá minna samtökin á mikilvægi gagnsæis í opinberum innkaupum. Kröfur í útboðum þurfa að vera raunhæfar og hvetja til þátttöku nýrra aðila. Þannig megi tryggja fjölbreytni, samkeppni og tæknilega þróun til hagsbóta fyrir opinbera þjónustu. Að endingu hvetja samtökin til virks og reglulegs samráðs við atvinnulífið. Með öflugri samvinnu ríkis og einkageira er unnt að byggja upp traust, efla nýsköpun og tryggja að opinber þjónusta þróist með þörfum samfélagsins að leiðarljósi.

Samtökin telja að skýrsla Ríkisendurskoðunar undirstriki nauðsyn þess að samþykkja og innleiða fyrrgreint frumvarp um skipan upplýsingatækni í rekstri ríkisins og þannig verði lagður grunnur að samræmdri og hagkvæmri stjórnun upplýsingatæknimála, auknum gæðum í opinberri þjónustu og bættri nýtingu fjármuna og mannauðs.


Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka iðnaðarins og Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja



Erla Tinna Stefánsdóttir,

viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði SI



Gunnar Sigurðarsson,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði SI